

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



GEFUM FLUGMIÐA
TIL LONDON!

Skráðu þig í KK-Eðaláskrift
fyrir 30. ágúst og við gefum þér flugmiða.
www.badhusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

27. ágúst 2012
200. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeim/faklómum Capacent Gallup í maí - maí 2012




Allt fullt af tónskáldum
Ung Nordisk Musik,
uppskeruhátíð norræna
tónskálda, hefst á morgun.
tímamót 16

Flottir útgáfutónleikar
Þórunn Antonía
Magnúsdóttir kætti
tónleikagesti sína.
popp 22



Stjörnudagur í Dalnum
Stjarnan varð bikarmeistari
í fyrsta skipti um helgina.
sport 26

veðrið í dag



BJARTAST NV- OG V-TÍL í dag ríka
NA-áttir, víða 5-10 m/s en hvassara
við suður- og suðausturströndina.
Nokkuð bjart víða NV- og V-tíl en
fremur skýjað og lítils háttar væta
sums staðar S- og A-lands.
VEÐUR 4

**TÍMI TIL
AÐ TÍNA!**



1.559 útköll vegna ofbeldis

Rúmlega sjö þúsund sinnum á fimm og hálfu ári hefur lögregla verið kölluð til vegna alvarlegs vanda á heimili. Ofbeldi er beitt í um fjórðungi tilfella. Viðbragðsteymi til að sinna sál-gæslu barna er starfandi.

FÉLAGSMÁL Lögregla er kölluð út þrisvar til fjórum sinnum hvern dag ársins vegna átaka á heimilum landsins. Í 200 til 300 tilvikum á hverju ári hefur verið beitt ofbeldi, misalvarlegu.

Þetta sýna gögn sem unnin voru af embætti Ríkislögreglustjóra fyrir Fréttablaðið fyrir rúmlega fimm ára tímabil frá 2007 til júní 2012. Fjöldi tilvika heimilisófriðar samkvæmt mála-skrárkerfi lögreglunnar á þessu tímabili voru 7.071 alls. Ofbeldi var beitt í 1.559 tilvikum.

Tölurnar sýna að ár hvert eru útköllin tólf til fjórtán hundruð en hefur fækkað lítillega á milli ára allt tímabilið. Athygli vekur hins vegar að alvarlegum tilvikum fjölga hlutfallslega;

“ Oft eru það börnin sjálf sem þurfa að hringja.

RAGNA B. GUÐBRANDSDÓTTIR
FÉLAGSRÁÐGJAFI

árið 2007 var ofbeldi beitt í 272 málum en þá voru 1.116 mál skráð sem heimilisófriður. Árið 2011 voru 310 ofbeldismál en 895 þar sem ekki hafði verið beitt ofbeldi.

Það ár, árið 2011, bárust um 850 tilkynningar um ofbeldi og ófrið til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ósættið mátti oft rekja til sambúðarslita og áfengi og fíkniefni komu við sögu í meirihluta tilvika. Í ársskýrslu segir: „Ef [fólk] var ekki að skaða hvert

annað líkamlega fengu dauðir hlutir sömuleiðis iðulega að kenna á því. Eignaspjöll voru því fylgiskar margra málanna, sem og grófar hótanir oft og tíðum. Börn voru stundum á heimilum við áður nefndar aðstæður og er fátt dapurlegra en að upplifa slíkt.“

Í september í fyrra var hleypt af stokkunum tilraunaverkefni Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að sinna sál-gæslu barna. Verkefnið var til sex mánaða en framlengt til ársloka. Tilfnið er að ekki þótti nóg gert til að styðja börn sem verða vitni að ofbeldi inni á heimili sínu. Reynolds af verkefninu sýnir að í viku hverri verða börn vitni að ofbeldi á heimili sínu, að sögn Rögnu B. Guð-

brandsdóttur félagsráðgjafa sem hefur umsjón með verkefninu.

„Þetta getur verið mjög átakanlegt, en misalvarlegt. Oft eru það börnin sjálf sem þurfa að hringja. Þetta getur verið andlegt ofbeldi, óskur og hótanir. Því miður eru þarna líka dæmi um að heimilið er rústir einar, börnin í áfalli og kannski móðir sem þarf að flytja á slysadeild,“ segir Ragna.

Í skýrslu um heimilisofbeldi, sem unnin var á vegum Ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og var birt í maí 2010, kemur fram að þolendur heimilisofbeldis voru í 70 prósentum tilvikum konur en í 30 prósentum tilvika karlar. Gerendur voru í 76 prósentum tilvika karlar en í 24 prósentum tilvika konur. - shá



BOLTANUM BLAKAÐ Íslandsmótið í strandblaki fór fram í Fagralundi í Kópavogi um helgina. Óvænt úrslit urðu í kvennaflokki þar sem þær Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir úr HK báru sigur úr þytum en þær eru einungis 16 ára gamlar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



LEIÐSÖGN GEFIN Baltasar og Mark Wahlberg ræða málin við tókur 2 Guns, en tókum lýkur í september.

Tökum á 2 Guns að ljúka:
Gott að vinna með Denzel

KVIKMYNDIR Tökum á Hollywood-hasarmynd Baltasars Kormáks, 2 Guns, lýkur í Nýju-Mexíkó í byrjun september. Baltasar segir vinnuna vera á áætlun.

Kostnaðaráætlun 2 Guns hljóðar upp á rúmlega tíu milljarða króna. Leikstjórinn viðurkennir að það sé mjög mikil pressa á sér að skila af sér góðu verki og halda áætlun á tókustað. Mark Wahlberg leikur í 2 Guns, eins og í mynd Baltasars Contraband, sem og Denzel Washington. „Hann er frábær leikari og það er frábært að vinna með honum.“ - fb / sjá síðu 30

Meira er greitt í fasteignagjöld af Hörpu en Smáralind og Kringlu til samans:

Langhæstu gjöldin af Hörpu

SKIPULAGSMÁL Hærrí upphæð er greidd árlega af Hörpu í fasteignagjöld en af Kringlunni og Smáralind til samans. Fasteignamat Hörpu er ívið herra en hinna húsanna samanlagt, þó þau séu umtalsvert stærri. Gjöldin af Hörpu nema 332 milljónum króna, en 324 af verslunarmiðstöðvunum tveimur.

Samkvæmt úrskurði yfirfasteignamatnefndar ber að miða fasteignagjöld Hörpu við stofn-kostnað, en ekki rekstrarvirði, eins og áætlunir gerðu ráð fyrir. Það hækkaði fasteignagjöldin umtalsvert, en í áætlunum var í fyrstu miðað við 130 milljónir króna og síðan 180 milljónir króna. Tap á rekstri Hörpu árið

Fasteignamat 2012

	Stærð húsa m ²	Fasteignamat m.kr.	Gjöld m.v. 1,65% m.kr.
Kringlan	40.980	10.599	
Smáralind	62.072	9.063	
Samanlagt	103.052	19.662	324
Harpa	28.813	20.092	332

2012 nemur 407 milljónum króna og 150 til 200 milljónum króna hærri fasteignagjöld en gert var ráð fyrir vega þar þungt.

Sé miðað við hlutfallslega sama fasteignaskatt á byggingar, 1,65 prósent, kemur í ljós að Harpa greiðir hærri fasteignagjöld en 10 menningarstofnanir og tvö íþróttahús, sem stundum eru notuð í menningarviðburði, sam-anlagt.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa sagt að ekki sé hægt að lækka fasteignagjöldin sérstaklega á Hörpu. Álagning fasteignagjalda sé ekki geðþóttaákvörðun.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að meðal þess sem ríkisvaldið falist eftir sé að Reykjavíkurborg auki rekstrarhlutdeild sína sem nemur þeim auknu tekjum sem borgin fær með hærri fasteignagjöldum. - kóp / sjá síðu 6





Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS HEFUR MARKAÐ SÉR METNAÐARFULLA NÝJA STEFNU OG ÚTLIT Í TAKT VIÐ HANA

Við trúum því að góð þjónusta felist í því að sjá fyrir hvar áhættan liggur og veita viðskiptavinum okkar hugarró með forvörnum. Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar í

þjónustu sinni við viðskiptavini. Við leggjum áherslu á forvarnir í þeim tilgangi að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild. Hjá okkur snúast tryggingar um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



SÁNKTI PÉTURSBORG

RÚSSLAND

Icelandair kynir nýja ferðamöguleika fyrir Íslendinga

Sumarið 2013 býður Icelandair beint áætlunarflug til þriggja nýrra áfangastaða, St. Pétursborgar í Rússlandi, Zürich í Sviss og Anchorage í Alaska. Fleiri áfangastaðir renna fjölbreyttari stöðum undir hluteild félagsins í farþegaflugi yfir Norður-Atlantshaf og gera þannig félaginu kleift að sinna því meginhlutverki Icelandair að tryggja reglulegar og tíðar flugsamgöngur á milli Íslands og Evrópu og Norður-Ameríku.

Nýr áfangastaður St. Pétursborg

Fáar borgir búa yfir jafn miklu aðdráttarafl og St. Pétursborg sem oft er kölluð „Feneyjar norðursins“. Með síkjum sínum, brúm, torgum og glæsihöllum er St. Pétursborg ólík öllum öðrum stöðum, sigilt safn fágætrar listar og menningar.

+ Nánari upplýsingar á icelandair.is

   Verið með okkur

ICELANDAIR



KJÖRKASSINN



Finnst þér að nemendur á lokaári grunnskóla eigi að fá einkunnir í bókstöfum í stað tölustafa?

Já	22,0%
Nei	78,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

List þér vel á hugmyndir um brú fyrir göngu- og hjólaðafólk yfir Fossvoginn?

Segðu þína skoðun á Vísí.is

Tengsl Íslands og Alaska efld:

Forsetinn á fundi í Alaska

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fundaði um helgina með ráðherrum og æðstu stjórnendum Alaska-rikis í Bandaríkjunum. Á fundinum kom fram mikill áhugi á því að efla samvinnu Íslands og Alaska.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Icelandair hefur á næsta ári áætlanarflug til Alaska og töldu fundarmenn mikil tækifæri felast í greiðari samgöngum á milli svæðanna.

Ólafur Ragnar er staddur í Anchorage í Alaska þar sem Norðurslóðabingjó, Arctic Imperative Summit, fer fram.

Ekki ráðist inn í sendiráð:

Assange óhultur enn um sinn

EKVADOR Rafael Correa, forseti Ekvadors, segir bresk stjórnvöld hafa dregið til baka hótun sína um að ráðast inn ekvadorska sendiráðið til þess að handtaka Julian Assange.



JULIAN ASSANGE

Assange, sem kenndur er við Wikileaks vefsíðuna, leitaði skjóls í sendiráðinu fyrir rúmum tveimur mánuðum síðan til þess að komast hjá framsali til Svíþjóðar.

Stjórnarmenn í Ekvador brugðust illa við þegar Bretar hótuðu að ráðast inn í sendiráð þeirra í London. Breska utanríkisráðuneytið hefur nú upplýst Correa að slíkt standi ekki lengur til.

6

Evrópusambandið tekur á flutningi leigustarfsmanna flugfélaga með nýjum reglum:

Flugfélög koma sér undan skattgreiðslum

SVÍPJÓÐ Erlend flugfélög vilja ekki greiða skatta og gjöld fyrir starfsmenn sína í Svíþjóð. Á fréttavef Dagens Nyheter er greint frá því að bæði Ryanair og Norwegian fari í kringum reglurnar með því að ráða fólk í gegnum erlendar starfsmannaleigur á láglaunasvæðum.

Fáir erlendir starfsmenn, sem hafa bæki-stöðvar í Svíþjóð, greiða þar skatt þótt þeir eigi að gera það. Flestir leigustarfsmanna Ryanair borga skatta og gjöld á Írlandi. Norwegian hefur komið upp bækistöð í Helsinki í Finnlandi og fengið leigustarfsmenn frá Eistlandi. Þeir greiða eingöngu skatt í Eistlandi.

Flugfélagið hefur einnig fengið erlendar

áhafnir frá pólsku starfsmannaleigunni Arpi fyrir flug frá Skandinavíu.

Lögfræðingur hjá sænskum skattayfirvöldum segir það ekki óvenjulegt að starfsmannaleigur séu skúffufyrirtæki. Hún segir að reyna eigi að auka samstarfið milli skattayfirvalda innan Evrópusambandsins, ESB. Mikilvægt sé að fyrirtæki sem ráði erlenda leigustarfsmenn sjái til þess að þeir njóti þeirra réttinda sem þeim ber.

Flutningur leigustarfsmanna flugfélaga milli landa er vandamál sem Evrópusambandið hyggst taka á með nýjum reglum. Greiða á gjöld fyrir leigustarfsmenn þar sem þeir eru staðsettir.



- ibs RYANAIR Flugfélagið vill ekki greiða skatt í Svíþjóð.

Hærrí fasteignagjöld af Hörpu en 12 öðrum húsum

Fasteignagjöld af Hörpu eru hærrí en af tíu öðrum menningarhúsum og tveimur íþróttahöllum samanlagt. Fulltrúar borgar og Portusar ósammála um hvort borgin hafi gert athugasemdir við upphæð gjaldanna.

SKIPULAGSMÁL Harpa greiðir hærrí upphæð í fasteignagjöld en tíu menningarhúsum víða um land og tvö stór íþróttahús, sem gjarnan eru notuð til tónleikahalds. Húsin tólf eru samanlagt mun stærri en Harpa, en fasteignamat þeirra er svipað.

Líkt og fram hefur komið gerðu áætlanir ráð fyrir mun lægri fasteignagjöldum af Hörpu en raunin varð. Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, rekstrarfélags Hörpu, sagði við Fréttablaðið fyrir skemmstu að hærrí fasteignagjöld skýrðu stóran hluta tapreksturs Hörpu í ár.

„Við erum að horfa upp á tap upp á 407 milljónir króna. Það munar 230 milljónum á fasteignagjöldum, hvernig þau eru í reynd og því sem við teljum rétt vera. Eftir standa 177 milljónir og eitt-hvað hefði komið inn samkvæmt leiðréttingu á samningi við Sinfóníuhljómsveitina.“

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir nokkru að það væri Reykjavíkurborgar að svara því hvað gert yrði varðandi þá staðreynd að fasteignagjöldin urðu mun hærrí en ráð var fyrir gert.

„Áætlanir gerðu ráð fyrir að fasteignamat tæki mið af nýtingarvirði en ekki stofnkostnaði eins og niðurstaðan varð. Við höfum líka dæmi þar sem stofnanir hafa fengið styrki til þess að mæta fasteignagjöldum. Það er hins vegar Reykjavíkurborgar að svara því hvort það verður gert varðandi Hörpu, þar sem hún innheimtir fasteignagjöldin.“



PÉTUR J. EIRÍKSSON BJÖRN BLÖNDAL

Borgin og ríkið eiga Hörpu saman og greiða báðir eigendur nú hærrí fasteignagjöld en áætlað var. Ljóst er hins vegar að Reykjavíkurborg fær mun hærrí tekjur af Hörpu en lagt var upp með, þar sem fasteignagjöldin renna til borgarinnar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að ein af þeim hugmyndum sem nú séu til umræðu hjá ríkinu sé að borgin auki hlutdeild sína í rekstrarkostnaði hússins sem hærrí tekjum nemur. Gjöldin eru 150 til 200 milljónum krónum hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir.

S. Björn Blöndal, aðstoðarformaður Jóns Gnarrs borgarstjóra, sagði við Fréttablaðið fyrir viku að það væri ekki hægt að breyta fasteignagjöldunum. Álagning fasteignagjalda væri ekki geðþóttaákvörðun.

„Þar gengur eitt yfir alla. Harpa er mjög stórt hús sem borgar fasteignagjöld í samræmi við það.“

Björn fullyrta að fulltrúar borgarinnar hefðu á öllum stigum málsins gert athugasemdir við það að ólíklegt væri að áætlanir um lægri fasteignagjöld stæðust.

Það stangast á við orð stjórnar-



HARPA Samanlögð fasteignagjöld af Egilshöll og Laugardalshöll nema 100 milljónum króna. Fasteignagjöld af Hörpu eru 318 milljónir króna á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fasteignamat 2012

	Stærð húsa m ²	Fasteignamat m.kr.	Gjöld m.v. 1,65%
Meningarstofnanir:			
Hamraborg 6-menningarmiðst./tónlistarsk.	1.741	480	
Hamraborg 6-safnahús	1.897	391	
Listasafn Íslands	2.554	538	
Kjarvalsstaðir	3.018	408	
Listasafn Reykjavíkur	3.710	497	
Þjóðarþóknun	13.403	3.030	
Þjóðleikhúsið	6.258	724	
Borgarleikhús/bókasafn	14.085	4.091	
Háskólabíó	6.874	1.597	
Meningarhúsið Hof á Akureyri	7.550	1.466	
Samtals	61.090	13.222	218
Íþróttahús/tónleikahús:			
Laugardalshöll	17.323	3.000	
Egilshöll	24.267	3.051	
Samtals	41.590	6.051	100
Alls menningarstaðir/tónleikahús	102.680	19.273	318
Harpa	28.813	20.092	332

formanns Portusar, í samtali við Fréttablaðið 18. ágúst.

„Borgin hefur ekki gert athugasemdir um áætlanir okkar um lægri fasteignagjöld. Beinir skattar á okkur á þessu ári eru um 584

milljónir króna. Við erum að borga mun meira til þessara tveggja eigenda en sem nemur tapinu,“ en líkt og fyrr segir verður tapið af Hörpu árið 2012 407 milljónir króna.

kolbeinn@frettabladid.is



Nú má bæði þvo og þurrka á aðeins um klukkustund

Þvottavélar og þurrkarar í sérflokki

Þvottavélar

Taka allt að 9 kg. Hljóðlátar. Geta þvegið á 15 mínútum. Snertihappar. Sumar þeirra eru í orkuflokki A+++.

Þurrkararnir

Taka allt að 8 kg. Rafeindastýrð rakaskynjun. Stór tromla. Snertihappar.

Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.

Allt verður tandurhreint

Íslenskt stjórnborð og íslenskir leiðarvísar.

Eigið þjónustuverkstæði.

Umboðsmenn um land allt.

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Gömul stræti, glæsibyggingar og stórbrotin feðurð Alpafjalla

Zürich, þessa fallega borg við Zürich-vatn inni í miðju Sviss, um 30 km norður af Alpafjöllum, hefur margt að bjóða og er auk þess tilvalinn fyrsti viðkomustaður þeirra sem ætla að ferðast um Sviss. Zürich iðar af viðskiptum og lífi þar sem fylgst er með nýjustu straumum í tísku, dægurmenningu og listum og hún tekur vel á móti gestum sínum.

+ Nánari upplýsingar á icelandair.is

   Verið með okkur

ICELANDAIR





1. Hvað keyrir Strætó til margra kaupstaða um áramótin?
2. Hvað er listakvöldið sem fram fór í Norðurpólnum á laugardag nefnt?
3. Hvaða lið vann þrefalt í bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands?

SVÖR:

1. 402 Vinnslan 3. JI

Royal Greenland mun senda skip sín til síldveiða skammt frá Jan Mayen:

Grænlandingar halda til síldveiða

SJÁVARÚTVEGUR „Þegar makrílveiðum er lokið munum við halda til síldveiða af fullum krafti,“ segir Jens Bisgaard, útgerðarstjóri Royal Greenland. Hann er vongóður um góðan afla. „Fyrir tveimur árum ákváðum við að reyna þetta og þá veiddum við 1.200 tonn á sex dögum svo ef þetta verður eitthvað í líkingu við það ættum við að bera nóg úr býtum.“

Hann segir að veitt verði skammt frá Jan Mayen en að sjálfsögðu í grænlandskri lögsögu. Íslendingar og Norðmenn veiða á svipuðum slóðum úr norsk-



SILFUR HAFSINS Það er ýmislegt á sig leggjandi fyrir síldina, nú ætla Grænlandingar að láta á það reyna.

MYND/STEFÁN HERMANNSSON

íslenska síldarstofninum. Henrik Leth, stjórnarformaður Polar Seafood, segir að enn hafi ekki verið

tekin ákvörðun um slíkar veiðar. „Við erum að skoða það hvort það sé hagkvæmt fyrir okkur og þá lítum við bæði til kolmunna og síldveiða,“ segir hann. „Ég á þó frekar von á því að við látum á það reyna,“ segir hann.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu voru bæði þessi fyrirtæki óánægð með aðgerðir Íslendinga þegar bann var sett við löndun á makríl sem veiddur er í grænlandskri lögsögu.

Að sögn Bisgaard hefur Royal Greenland veitt samtals um 3.400 tonn af makríl. -jse

Skarst í andliti í átökum:

Lagði til manns með eggvopni

LÖGREGLUMÁL Maður slasaðist þegar veist var að honum með eggvopni. Árásin átti sér stað á Akranesi á laugardag. Mbl.is greindi fyrst frá fréttinni.

Tildrög málsins eru að maður sótti annan mann heim til þess að útkljá deilumál með samræðum. Það gekk ekki eftir og hélt maðurinn heim á leið, en árásarmaðurinn elti hann og lagði til hans með eggvopni. Maðurinn hlaut skurð í andlit og þurfti tíu spor. Árásarmaðurinn var handtekinn en sleppt að yfirheyrslu lokinni. -sm

Sex sækja um í Slóvakíu:

Inntökupróf í læknaskóla þreytt hér

MENNTUN Læknaskólinn í Martin í Slóvakíu mun halda inntökupróf hérlendis á miðvikudag. Tveir prófessorar skólans eru væntanlegir vegna prófsins.

Fréttablaðið fjallaði fyrir skömmu um áhuga skólans á að fá íslenska stúdenta til náms og kom fram að inntökupróf yrði haldið ef sex eða fleiri skráðu sig.

Sex íslenskir stúdentar hafa þegar skilað inn gögnum til þess að fá að þreyta inntökuprófið. „Það er alveg víst að þetta verður plan B hjá mörgum næsta vor,“ segir Runólfur Oddsson, ræðismaður Slóvakíu á Íslandi.

Einn íslenskur stúdent, útskrifaður í eðlisfræði frá Háskóla Íslands, hefur þegar fengið innngöngu í læknaskólann. -bþ

Neil Armstrong var leiðangursstjóri Apollo 11 geimferðarinnar og steig fyrstur allra fæti á tunglið:

Brautryðjandinn Neil Armstrong látinn

BANDARÍKIN, AP Neil Armstrong, geimfarinn sem steig fyrstur allra fæti á tunglið, lést á laugardag 82 ára að aldri. Hjáveituaðgerð var framkvæmd á hjarta Armstrong fyrir í mánuðinum og drógu eftirköst aðgerðarinnar Armstrong til dauða.


Armstrong var árið 1969 leiðangursstjóri Apollo 11 geimferðarinnar sem var fyrsta tilraun bandarísku geimferðastofnunarinnar, NASA, til að koma mönnum á tunglið. Apollo 11 geimskutlan flutti Armstrong og tvo aðra geimfara, þá Edwin „Buzz“ Aldrin og Michael Collins, á sporbaug um tunglið. Tunglferjan Örninn bar Armstrong og Aldrin svo á tunglið sjálfst en Collins varð eftir í geimskutlunni.

Klukkan 20.18 að kvöldi 20. júlí 1969 að samræmdum alþjóðlegum tíma lenti Örninn á Tunglinu. Rétt

fyrir klukkan þrjú aðfaranótt 21. júlí fóru geimfararnir tveir svo út úr Erninum og stigu fæti á tunglið. Armstrong fór á undan og mælti hin ódauðlegu orð: „Eitt lítið skref fyrir mann, eitt risastórt stökk fyrir mannkynið.“

Hundruð milljóna manna fylgdu með atburðinum í beinni útsendingu. Áratuginn á undan höfðu Bandaríkin og Sovétríkin keppt við að slá hvort öðru við á sviði geimferða en segja má að Apollo 11 leiðangurinn hafi markað sigur Bandaríkjanna í geimkapphlaupinu.

Með leiðangrinum uppfyllti NASA þar að auki heit sem John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna frá 1961 til 1963, hafði gefið bandarísku þjóðinni um að bandarískur geimfari myndi stíga á tunglið fyrir lok ársins 1969. Armstrong og Aldrin vorðu alls þremur tímum gangandi



21. JÚLÍ 1969 Þegar Armstrong steig niður úr tunglferjunni Erninum mælti hann hin ódauðlegu orð: „Eitt lítið skref fyrir mann, eitt risastórt stökk fyrir mannkynið.“

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

um tunglið. Þeir söfnuðu jarðvegs-sýnum og steinum, tóku ljósmyndir og gáfu sér þar að auki tíma til að dást að útsýninu sem Armstrong

lýsti síðar sem mögnuðustu sjónrænu reynslu ævi sinnar. Armstrong var hlédrægur maður og hélt sig frá sviðsljósinu sín síðari ár. -mþ

Gefðu sköpunargáfunni

frelsi með

Samsung Galaxy SIII

Sjáðu magnað íslenskt vídeóverk sem tekið var upp á Samsung Galaxy SIII. Skannaðu kóðann eða farðu á siminn.is/samsung-galaxy-s3

Samsung Galaxy SIII

Stgr. nú:

119.900 kr.

Stgr. áður: 134.900 kr

Innifalið:

5.000 kr inneign á mán. í 2 mán. og áskrift að Tónlist.is*

ALASKA

ANCHORAGE



Próttmikil borg, stórbrotin náttúra

Í Anchorage býðst ferðamönnum einstakt tækifæri til að upplifa náttúrufergurð í suðvesturhluta Alaska og einstakt dýralíf á norðurslóðum við Kyrrahaf. Anchorage er stærsta borgin í Alaska, mikilvæg viðskipta- og hafnarborg í þessu nyrsta ríki Bandaríkjanna. En heimskunnir þjóðgarðar, hvassbrýndir tindar og glitrandi jöklar setja svip sinn á þennan landshluta. Það er ævintýri líkast.

+ Nánari upplýsingar á icelandair.is

[f](#) [t](#) [YouTube](#) Verið með okkur

ICELANDAIR





Í DÝRAGARÐI Tveir Bengaltígrar gæða sér á kjötbita í dýragarðinum í Asunción, höfuðborg Paragvæ. Yfirvöld í Paragvæ tóku við níu Bengaltígrum og sjö Afrikuljónum frá argentínskum sirkus eftir að dýrin höfðu eytt tuttugu dögum við landamæri ríkjanna.

Fasteignafélagið Reitir hefur sent inn fyrirspurn til skipulagsstjóra borgarinnar:

Vilja hækka þak Moggahallar

SKIPULAGSMÁL Þak Morgunblaðshússins við Aðalstræti 6 verður hækkað um einn til tvo metra ef vilji eigenda þess verður að veruleika. Fasteignafélagið Reitir, sem á húsið, hefur sent skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar fyrirspurn vegna málsins.

„Breytingin felur í sér að hækka þak þannig að það sé lögleg lofthæð á efstu hæð,“ segir í gögnum sem Reitir hafa skilað inn til skipulagsstjóra. Þakið er einhalla og mismunur er í hækkunum. Til þess að ná markmiðum um löglega



AÐALSTRÆTI 6 Efsta hæð hússins hefur ekki fulla lofthæð og eigendur þess vilja fá leyfi til að hækka þakið af þessum sökum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lofthæð þyrfti að hækka húsið um einn til tvo metra, að því er fram

kemur í gögnum frá arkitektastofunni Arkís. Gluggar yrðu samkvæmt teikningum.

Á fundi skipulagsstjóra síðastliðinn föstudag var málið tekið fyrir og ákveðið að það skyldi kynnt formanni skipulagsráðs, Páli Hjalta Hjaltasyni.

Meðal þeirra sem hafa aðstöðu í húsinu eru sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi og Vinstrihreyfingin – grænt framboð. Þá eru þar skrifstofur fyrirtækja, verslun, lögmannsstofur og hótélrekstur.

- þeb

Samningsdrög tilbúin:

Ósamið vegna ættleiðinga

ALÞINGI Innanríkisráðuneytið hefur ekki gert þjónustusamning við löggilt ættleiðingarfélag. Drög að slíkum samningi eru til og hafa verið til umfjöllunar. Þetta kemur fram í svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Samkvæmt lögum mega löggild ættleiðingarfélög ein hafa milli-göngu um ættleiðingu. Í svari ráðherra segir að meta þurfi skyldur félagsins að lögum og greina fjárveitingar.

- kóp

Auknar kvaðir á smálánafyrirtækin í nýju frumvarpi

Frumvarp til laga um neytendalán verður lagt fyrir Alþingi í haust. Ný lög eiga að leggja auknar kvaðir á þá sem veita smálán. Lögmaður smálánafyrirtækja segir að frumvarpið muni hafa óveruleg áhrif.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig hyggjast stjórnvöld á Íslandi skapa lagaumhverfi um smálán?

Efnahags- og viðskiptaráðherra hyggst leggja frumvarp til laga um ný neytendalán fyrir Alþingi nú í haust. Frumvarpið mun lítt breytt frá frumvarpi sem lagt var fyrir síðasta þing en ekki náðist að afgreiða vegna tímaskorts.

Frumvarpið miðar að því að auka neytendavernd vegna lána-starfsemi í takt við Evróputilskipanir þess efnis. Frumvarpið sem lagt verður fyrir þingið nú tekur þó til fleiri lána, þar á meðal annars smálána.

Í nýgildandi lögum um neytendalán er undanþága sem segir að lánasamningar sem gilda skemur en þrjá mánuði séu undanskildir gildissviði laganna. Innan þess ramma hafa smálánafyrirtækin hérlendis starfað. Ekkert fyrirtækjanna fimm veitir lán til lengri tíma en 90 daga.

Nýja frumvarpið mun skapa lagaumhverfi fyrir smálán, einkum með tvennum hætti. Lögð verður upplýsingaskylda á fyrirtækin. Gerð verður krafa um að þar sem auglýstir eru lánasamningar og einstök kjör verði

að birtast staðlaðar upplýsingar. Með stöðluðum upplýsingum er til dæmis átt við útlánsvexti, árlega hlutfallsstöðu kostnaðar, lánsfjárhæð og lengd samnings. Þá verður lánveitandinn, í þessu tilviki smálánafyrirtækin, að meta lánshæfi lántaka áður en lánasamningur er gerður. Þá mun neytandi hafa rétt til að falla frá samningi innan tveggja vikna.

Neytendastofa hefur farið með eftirlit með neytendalánnum og smálánnum. Það mun stofnunin gera áfram en mun hafa ríkari heimildir til að grípa inn í sé ekki farið að lögum og ákvörðunum stjórnvalda.

Haukur Örn Birgisson, lögmaður Útlána, segir að verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd muni það hafa óveruleg áhrif á starfsemi smálánafyrirtækja. „Það er verið að sníða þeim aðeins þrengri stakk og það verður bara að bregðast við því og það er allt í góðu,“ segir Haukur Örn.

„Þessari löggjöf er bara vel tekið meðal annars út af þessu slæma umtali sem hefur verið undanfarin misseri, að um þessi lán gildi engin lög og að með þeim sé ekkert eftirlit. Það er auðvitað rangt,“ segir Haukur Örn.

birgirh@frettabladid.is



Áþekk stefnumótun á Norðurlöndum

Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hefur verið stefnt að sambærilegu fyrirkomulagi og hérlendis, það er að fella veitingu smálána undir umgjörð neytendalánalöggjafar með það að markmiði að tryggja neytendavernd.

Við undirbúning frumvarpsins hafði efnahags- og viðskiptaráðuneytið samráð við aðrar stofnanir sem fjalla um fjármál neytenda. Meðal þeirra var Umboðsmaður skuldara, hjálparstofnanir, Fjármálaeftirlitið og Neytendastofa. Þá var haft samráð við systurstofnanir Neytendastofu á Norðurlöndunum.

Stjórnvöld hafa víðast hvar horn í síðu þessarar lána-starfsemi og segjast þar bera hag neytenda fyrir brjósti. Meðal leiða sem farnar hafa verið er að setja vaxtaþak á lánasamninga. Það takmarkar hagnaðarvon fyrirtækjanna og skerðir rekstrarforsendur, enda þrífast þau aðallega á vaxtatekjum og lánsgjöldum. Þá má banna starfsemina. Sú leið hefur þó þótt varasöm þar sem bannið mundi að öllum líkindum keyra lána-starfsemina í undirheima eða á svartan markað.

NANO-TECH BÍLABÓN

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT

- High-Tech Polyethlen-akrýl efni
- Langtíma yfirborðsvörn
- Einstök UV vörn
- Háglaðs án póleringar
- Hreinsar og ver í einni umferð

Bílasmiðurinn hf · Bildshöfða 16
sími: 5672330

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

www.volkswagen.is



Fullkomið leiðsögukerfi fyrir Ísland

Tiguan Sport & Style kostar aðeins frá
5.790.000 kr.

Volkswagen Tiguan

Frelsi til að ferðast

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



VILTU NÝJA ÁSKORUN?

Skráðu þig á póstlistann á promennt.is og þú gætir unnið 100.000 kr. námskeið að eigin vali!

www.promennt.is

NÁMSKEIÐ

MARKAÐSMÁL • GRAFÍSK HÖNNUN • VEFSÍÐUGERÐ

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem hafa áhuga á markaðsmálum eða hönnun og vefsíðugerð ættu ekki að láta þessi námskeið fram hjá sér fara.

▶ MARKAÐSSETNING Á NETINU – LOKAÚTKALL

Geysivinsælt námskeið, markaðssetning á netinu í samstarfi við Online.is. Um 400 manns hafa sótt námskeiðið undanfarin misseri sem staðfestir að þetta er námskeið sem markaðsfólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara. Kennari er Kristján Már Hauksson frá Nordic eMarketing, einn mesti sérfræðingur Íslendinga í markaðssetningu á internetinu.

Hefst: Mánud. 27. ágúst • Tími: 17.30–22.30 • Lengd: 7,5 std. • Verð: 34.900 kr.

▶ GRAFÍSK HÖNNUN

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu, eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Tekin eru fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign, einnig læra þáttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Hefst: 4. sept. • Tími: 18–21:30 (lau 9:30 – 13:00) • Lengd: 105 std. • Verð: 139.000 kr.

▶ VEFSÍÐUGERÐ GRUNNUR

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðunni. Námskeiðið er tvískipt og er kennt á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Photoshop og Dreamweaver.

Hefst: 5. sept. • Tími: 18.00–21.30 • Lengd: 47 std. • Verð: 59.900 kr.

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli. Íris Magnúsdóttir, Markaðsstjóri Maritech ehf.

Skráningar fara fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

MARGT FLEIRA SPENNANDI ER Í BOÐI

VEFSÍÐUGERÐ FRAMHALD	42 std.	54.000 kr.
JOOMLA VEFSÍÐUGERÐ	20 std.	26.900 kr.
WORDPRESS	26 std.	32.000 kr.
DREAMWEAVER GRUNNUR	26 std.	32.000 kr.
DREAMWEAVER FRAMHALD	21 std.	29.900 kr.
FLASH	21 std.	29.900 kr.
ILLUSTRATOR	31 std.	44.000 kr.
INDESIGN	31 std.	44.000 kr.
STAFR. MYNDAVÉLAR & PICASA	16 std.	19.900 kr.



Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.

Grimmilegri árás mætt af yfirvegum og stillingu:

Sársaukafullt mál leitt til lykta

Rétt líðlega þrettán mánuðir voru liðnir frá ódæðisverkunum í Útey og miðborg Óslóar þegar mál fjöldamorðingjans og hryðjuverkamannsins Breivik hafði verið leitt til lykta fyrir dómi í höfuðborg Noregs á föstudag. Hryðjuverkamaðurinn var talinn sakhæfur og því dæmdur til hámarksrefsivistar sem í raun mun þýða lífstíðarfangelsi. Viðbrögð Norðmanna einkennast af stillingu eins og þau hafa gert alveg frá því voðaverkin áttu sér stað. Almennir virðist fólk sátt við dóminn, þótt áhöld hafi vissulega verið um sakhæfi mannsins. Það er sérstök ástæða til að hrósa norsku réttarkerfi fyrir að hafa náð að leiða málið til lykta á ekki lengri tíma.

Málsmeðferð sakborningsins og sú refsivist sem bíður hans einkennast af virðingu fyrir mannréttindum hans, virðingu sem hann ber ekki sjálfur fyrir samborgurum sínum.

Fjöldamorð hryðjuverkamannsins voru byggð á hatri sem gerandinn hafði ræktað með sér um langan tíma, hatri sem nærðist á andúð gegn mannréttindum og umburðarlyndi, meðal annars umburðarlyndi og virðingu við menningu innflytjenda, andúð á íslam, samkynhneigð og jafnrétti kynjanna. Hatríð beindist sem sagt gegn þeim gildum sem höfð eru í hávegum í vestrænum lýðræðisríkjum, gildum sem þorri íbúa Norðurlanda er stoltur af að hafi náð að þroskast og festa sig í sessi í löndum þeirra.

Sú stilling og yfirvegum sem norska þjóðin, eftirlifandi fórnarlömb árársarinnar og aðstandendur látinna ásamt ráðamönnum þjóðarinnar hefur sýnt er aðáunarverð og til eftirbreytni.

Engu að síður ríkir full meðvitund um mikilvægi þess að læra af reynslunni. Þannig hefur lögreglan verið gagnrýnd fyrir framgöngu sína á árársardegnum auk þess sem þeirrar áleitnu spurningar er spurt hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir árásina með öðruvísi vinnubrögðum lögreglu en nú tíðkast. Þessi gagnrýni er afdráttarlaus og skýr en án hefftar.

Stilling og yfirvegum einkenndi ekki yfirlýsingu Sjálfstæðisþingmannsins Tryggva Þórs Herbertssonar á Facebook-síðu sinni daginn sem dómurinn var kveðinn upp. Spurningin sem leitaði á hann um leið og hann fagnaði dómnum var hverjum dytti í hug „að safna börnum og unglíngum kerfisbundið saman á afskekktu eyju í þeim tilgangi að innræta þeim tiltekna flokkspólítiska stjórnmalaskoðun“. Þar fer ekki mikil virðing fyrir stjórnmalastarfi og hlutverki ungliðahreyfinga stjórnmalaflokka. Viðbrögð Tryggva Þórs eru umhugsunarefni vegna þess að hann er þingmaður en ólíkegt er að ungliðahreyfingar stjórnmalaflokka líti svo á að samkomur þeirra þar sem fléttað er saman stjórnmalaumræðu og skemmtun séu innrætingarbúðir.

Frá því að ósköpin dundu yfir fyrir líðlega þrettán mánuðum hefur forsætisráðherra norski farið fyrir yfirvegum viðbrögðum og ítrekað þá hugsjón sína að voðaverkin megi aldrei verða til þess að veikja grunnildi umburðarlyndis og víðsýni í lýðræðis-samfélagi, sem rúmar fjölbreytni og ólíkar skoðanir. Þvert á móti verði brugðist við þeim með því að styrkja þessi gildi enn frekar. Á þær árar ber að leggja með Norðmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTAIGNIR.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Beint til Steingríms?

Flokksráð Vinstri grænna samþykkti um helgina ályktun um auglýsingar hjá hinu opinbera. Þar er áreittað að „jafnan skuli auglýsa stöðu hjá hinu opinbera, í samræmi við opna stjórnsýsluhætti og lög“. Flokkurinn er í góðri stöðu til að fara eftir þessari ályktun, verandi í ríkisstjórn, og nú er bara að sjá hvernig ráðherrar flokksins bregðast við. Sérstaklega verður áhugavert að sjá hvernig flokksformaðurinn bregst við, en Steingrími hefur verið legið

á hálsi fyrir að ætla sér ekki að auglýsa stöðu ráðuneytisstjóra í nýju atvinnuvegaráðuneyti. Var ályktuninni kannski beint til hans?

Unga fólkíð í fyrirrúmi


Nokkuð hefur skort á skýra framtíðarsýn hjá íslenskum stjórnmalaflokkum. Samfylkingin hefur nú bætt úr því, í það minnsta hvað varðar ungt fólk. Flokksstjórnin samþykkti uppfærða aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks. Og nú á að taka til hendinni.




Skýr framtíðarsýn

Og Samfylkingin veit sem er að unga fólkíð vill skýr og beinskeytt skilaboð, ekkert orðagjálfr. „Framtíðarsýn Samfylkingarinnar byggir á umburðarlyndi og alþjóðahyggju og er í takt við alþjóðlegan hugsunarhátt ungs fólks sem lítur á heiminn sem sinn vettvang.“ Þar höfum við það. Þeir sem eiga sinn vettvang utan þessa heims verða því að leita annað. Kannski aðrir flokkar geti markað sér sérstöðu á þeim vettvangi?

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Hugmyndin um graðara Alþingi er góð



Lýður Árnason læknir og fyrrum fulltrúi í stjórnlagaráði

Ólafur Hauksson átelur í nýlegri grein í Fréttablaðinu kosningaákvæðið í frumvarpi stjórnlagaráðs. Segir það gelda Alþingi og fylla það af villiköttum. Að mati greinarhöfundar mun þetta gerast þar sem ekki sé talað um stjórnmalaflokka í kosningaákvæðinu heldur samtök frambjóðenda.

Í síðari yfirreið stjórnlagaráðs í vor lá fyrir athugasemdi í þessa veru og ákvað ráðið að breyta orðalaginu í samræmi við nógildandi kosningalög frá 2000 en þar segir (32. grein): Með stjórnmalasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Í frumvarpinu sem birtist kjósendum í haust mun því standa stjórnmalasamtök en ekki samtök frambjóðenda. Áhyggjur Ólafs af þessu eru því ástæðulausar.

Persónukjör í frumvarpi stjórnlagaráðs segir Ólafur flókið en því má líkja við konfektakassa (framboðslista) sem þú annaðhvort velur eins og nú tíðkast allan

eða tínir úr þá mola sem þér hugnast best. M.ö.o. má segja að prófkjör flokkanna færast til þín í kjörklefanum, kjósandi góður.

Ólafur telur það galla að sá frambjóðandi sem flesta krossa hlýtur, þ.e. sá konfektmoli sem flestum þykir bestur, verði að þingmanni. Þetta þótti stjórnlagaráði einmitt eftirsótt enda í samræmi við ákall þjóðfundar.

Í lok greinar sinnar geldur Ólafur varhug við hinu beina lýðræði sem frumvarp stjórnlagaráðs inniber. Sitt sýnist hverjum um ágæti þessa en afstaða stjórnlagaráðs er borðliggjandi sú að auka áhrifamátt almennings í stjórnskipuninni. Að mati ráðsins mun beint lýðræði ekki skerða störf þingsins heldur gegna hlutverki aðhalds og leiðbeiningar. Landsmenn geta svo velt fyrir sér hvort þörf sé á þessu eður ei.

Annað í frumvarpinu tiltók Ólafur sem sallaflínt og læt ég þetta því nægja að sinni.

Áhyggjur Ólafs af þessu eru því ástæðulausar.

Smálánasmán

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhöfundur



Í smálánamálinu takast á tvö þjóðfélagsleg sjónarmið – markaðshyggjan og samfélagsvitundin; hin kalda eiginhagsmunahyggja og kærleiksskyldan. Öðrum megin standa þau sem telja að ámælisvert sé að hvetja fólk til fjárhagslegra skuldbindinga án þess að hirða um þroska og dómgreind eða aðrar forsendur sem kunna að vera nauðsynlegar til að efna til slíkra skuldbindinga; peningar séu ekki eins og hver önnur vara sem geti gengið kaupum og sölum heldur þurfi sérstakrar aðgæslu við þegar þeir eru „seldir“, heill og hamingja einstaklinga og fjölskyldna sé þar hugsanlega í húfi og brýnt að hjálpa fólk að kunna fótum sínum forráð.

Fram á síðasta áratug síðustu aldar hefði slíkt sjónarmið þótt sjálfsagt og naumast til umræðu: lán voru sérstök og takmörkuð gæði og undir bankastjórum komið að meta það hvort vert væri að veita fólk slíka fyrirgreiðslu; þar komu vissulega ýmis sjónarmið við sögu, misjafnlega málefnaleg enda allir bankastjórar tengdir stjórnmálaflokkunum – frændgarður og félagsnet og þar fram eftir götunum – en síðferðileg sjónarmið höfðu líka sitt að segja og mat á því til hvers peningarnir væru ætlaðir.

Engin nauðung?

Í Stóru Bólu var anað rակleitt út í hinar öfgarnar. Peningarnir flæddu. Þarftu ekki meira? Er þetta virkilega nóg? Það er nóg til frammi. Hugsaðu hátt og ekki vera eins og einhver hræddur Bauni. Þú borgar bara með nýju láni...

Viðhorf hins varfæra bankamanns sem leit á hlutverk sitt sem samfélagslega þjónustu varð undir og sölumenn peninga og sýndarfjár tóku öll völd. Þetta breyttist á ný með Hruninu – í orði kveðnu að minnsta kosti – en nú sjáum við sjónarmið hinna

vígrefnu peningasölumanna brjótast aftur fram úr skamm-arkróknum af alefli með starfsemi smálánafyrirtækjanna sem bjóða skammtímalán á ofurvöxtum og með aggressífri markaðssetningu sem virðist beinast að börnum eða þá að minnsta kosti fremur barnalegu fólk.

Enginn er neyddur til að taka þessi lán, segja smálánasnáðarnir. Þeir hugsa: Sérhver á að vera frjálst til þess að taka þau lán sem henni/honum sýnist og verður þá líka að kunna fótum sínum forráð, bera ábyrgð á eigin hegðun – hugsa dæmið til enda.

Þeir hugsa: Við erum öll á Markaði, lífið er Markaður – hann er vegurinn, sannleikurinn og lífið, við göngum á hans vegum, og einungis markaðs-sjónarmið geta átt við á markaði, þar þýðir ekki að hugsa um heill og hamingju fólks auk þess sem Markaðurinn leiðir alltaf til réttar niðurstöðu að lokum; viðskipti eru grunnþörf mannsins; við leitumst alltaf við að kaupa

Talsmaður fyrirtækjanna bar ekki beinlínis blak af starfsemi þegar hann kom fram í sjónvarpinu til að tala máli þeirra. Hann neitaði því ekki að vextirnir væru yfirgengilegir – það var meira eins og honum þætti það ekki vera málið...

sem ódýrast og selja sem dýrast. Homo homini lupus est.

Þeir hugsa: Það sem þér viljið ekki að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

Þeir hugsa: Hlutverk mannsins hér á þessari jörð er ekki að gæta náunga síns heldur að gæta sín á náunga sínum.

Talsmaður fyrirtækjanna bar ekki beinlínis blak af starfsemi þegar hann kom fram í sjónvarpinu til að tala máli þeirra. Hann neitaði því ekki að vextirnir væru yfirgengilegir – það var meira eins og honum þætti það ekki vera málið („þar sem er eftirspurn...“) Hann játti því eiginlega að óskynsamlegt væri að taka þessi lán, með því orðalagi sem lögmenn nota þegar þeir neyðast til að viðurkenna eitthvað („það má auðvitað deila um

það hvort...“) en lagði áherslu á það í máli sínu að enginn væri neyddur til að taka þessu lán og lét þannig á sér skilja að hér væri einungis um að ræða frjáls viðskipti frjálsra einstaklinga í frjálsum samfélagi þar sem okkur er leyfilegt að haga okkur óskynsamlega, að minnsta kosti innan vissra takmarkana.

Gott og vel. En manni er óneitanlega spurn: hver með réttu ráði tekur lán á 600 prósent vöxtum nema neyddur til þess?

Hundur Hundsson og félagar

Markaðssetning þessara lána er svo sérkapítuli. Auglýsingarnar sýna iðulega talandi smáhunda sem ræða barnalega saman um þessi lán eins og persónur í barnaefni, talsettar á þennan svolítið hvítleiða ýkta hátt sem við heyrum stundum hjá fullorðnu fólk þegar það leikur fyrir börn. Þetta eru okkurkrútt. Þangað til þeir fara að tala um „tkurnar“ með því blikk-blikki sem slíku tali fylgir.

Nú eru þau skilyrði sett fyrir

lánunum að lánþegi sé orðinn fjárráða svo að hér er væntanlega ekki verið að hvetja fimm ára börn til að taka upp símann og panta tíu þúsund kall eins og hverja aðra pitsu – en hins vegar er augljóslega verið að höfða til barnsins í átján ára fólk, sem enn er svolítið eftir af þó að það víti kannski ekki af því sjálft; og lýsir sér stundum í mismikilli tihneigingu til hvatvísi, ótímabærs trúnaðartrausts, skamm-sýni og hömluleysis. Þessir eiginleikar táninga eru auðvitað meðal þess sem gerir þá svo dásamlega en þeir geta samt reynst hættulegir þegar krakkar standa frammi fyrir ýmsum freistingum, sem geta kostað sitt – og kosta alveg áreiðanlega sitt þegar Hundur Hundsson og félagar koma að rukka.

Aðildarviðræður – endatafl

ESB-aðild

Björgvin G. Sigurðsson
alþingismaður



